



8. stjórnarfundur LH

13. júní 2019 kl. 16:00 Skógarhólum

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson fomaður, Sóley Margeirsdóttir varaformaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Eggert Claessen og Stefán Logi Haraldsson úr aðalstjórn **Fjarverandi:** Oddrún Ýr Sigurðardóttir og Ágúst Hafsteinsson úr aðalstjórn, Lilja Björk Reynisdóttir, Þórdís Arnardóttir og Rósa Birna Þorvaldsdóttir og Siguroddur Pétursson og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn.

1. Formaður setti fund og tók fundarstjórn

ECH leiddi stjórnarmenn um húsið og svæðið og fór yfir þau verk sem voru unnin nú á vordögum, sjá fylgiskjal

2. Samþykktir fundargerða

Fundargerðir 6 og 7 samþykktar.

3. Sumarstarfsmaður / verkefni á skrifstofu

Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir boðin velkomin til starfa og framkvæmdastjóri kynnti verkefni og verkaskiptingu starfsmanna.

4. Erindi til stjórnar varðandi félagshesthús í Sörla

Stjórn LH getur því miður ekki stutt einstaklinga sem standa að rekstri félagshesthúsa með beinu fjárframlagi en beinir því til skrifstofu að vinna leiðbeiningar með hliðsjón af þeirri reynslu sem til er t.d. hjá hestamannafélaginu Fáki hvernig hægt er að standa að slíkri starfsemi og vill með þeim hætti hjálpa hestamannafélögum að hefja slíka starfsemi.

5. Erindi til stjórnar varðandi ágreining einstaklings við stjórn Háfeta

Stjórn getur því miður ekki tekið á þessu erindi þar sem það er utan lögsögu sambandssins. Formaður LH mun hafa samband við formann Háfeta og fá að heyra þeirra sjónarmið.

6. SportFengur í Svíþjóð

Tveir stjórnar menn ÓP og SM fór til Svíþjóðar og aðstoðu mótshaldara á móti þar sem SportFengur var notaður. Á mótinu voru einnig fulltrúar frá Noregi og Finnlandi sem fengu einnig að taka þátt. Mikil ánægja var með SportFeng og Svíjar eru áhugasamir um að nota hann á Sænska meistaramótinu og áhugi fyrir áframhaldandi samstarfi.



7. 17. júní

LH og Horses of Iceland munu í samstarfi Reykjavíkurborg standa að sýningu á íslenska hestinum á Ísbjarnarflöt við Tjörnina í Reykjavík.

8. HM í Berlín

Farið var yfir stöðu á undirbúningi fyrir HM sem gengur vel.

9. Önnur mál

a. Beiðni frá Íslandsmótsnefnd til að bæta við mótsdegi

Stjórn telur að þetta heyri ekki undir lögsögu LH að ákveða fjölda daga mótsins, en mælir með því að það verði haldið á tveimur völlum samkvæmt hefð. Mótið geti orðið of langt og kostnaðarsamt fyrir þá sem koma lengra að.

Engin önnur mál tekin fyrir, fundi slitið um 19:30

Fundargerð ritaði Hjörný Snorradóttir

Skógarhólar 13. júní 2019